

Reykjavík, 5. apríl 2019

Niðurstaða athugunar á þarfagreiningu og varðveislu gagna hjá Tryggja ehf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun í desember 2018 á þarfagreiningu og varðveislu gagna hjá Tryggja ehf., en Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum váttryggingamiðlara samkvæmt 1. mgr. 59. gr., sbr. 28 gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort félagið framkvæmdi viðunandi þarfagreiningu áður en váttryggingarsamningar eru gerðir við væntanlega váttryggingartaka og hvort áskilinn rökstuðningur fylgi þeim ráðleggingum sem félagið leggur til hverju sinni. Jafnframt var athugað hvernig persónuupplýsingar eru geymdar og hvernig aðgangstakmörkunum er háttað vegna þeirra persónuupplýsinga sem aflað er hjá væntanlegum váttryggingartökum.

Í tengslum við athugunina fóru fulltrúar Fjármálaeftirlitsins á starfsstöð félagsins og fengu þeir kynningu á starfsemi félagsins og hvernig persónuupplýsingar viðskiptamanna eru geymdar. Undanfarin misseri hefur Tryggja ehf. ekki verið að selja persónutryggingar og er þarfagreining vegna persónutrygginga því ekki partur af starfsemi félagsins í dag. Tóku því fulltrúar Fjármálaeftirlitsins ekki úrtak af þarfagreiningum vegna persónutrygginga og rökstuðning vegna þeirra.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í mars 2019. Fjármálaeftirlitið gerði enga athugasemd við varðveislu persónuupplýsinga viðskiptamanna og hvernig aðgangstakmörkunum er háttað vegna persónuupplýsinga hjá Tryggja ehf.